



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNAR TÓNLEIKAR

05., 06. & 07. JANÚAR 2017



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og sendir út 8. janúar á Rás 1.

Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir með hléi.

Tónlistarflutningur í Hörpuhorni: Matti Kallio og Kjartan Valdemarsson.

Í tilefni Vínartónleikanna er selt svalandi freyðivín á börum í hléi.

Blómaskreytingar: Dans á rósum / Ragnhildur Fjeldsted.

For information in English about tonight`s programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website:

en/sinfonia.is

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.facebook.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.instagram.com/icelandsymphony)

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

VÍNAR- TÓNLEIKAR

David Danzmayr
hljómsveitarstjóri

.....
Póra Einarsdóttir
einsöngvari

.....
Bror Magnus Tødenes
einsöngvari

.....
Listdanhópur
Lára Stefánsdóttir
danshöfundur

EFNISSKRÁ

Johann Strauss yngri
Die Fledermaus (Leðurblakan), forleikur

Eduard Strauss
Bahn frei, hraður polki

Johann Strauss yngri
Mein Herr Marquis
aríá Adele úr Leðurblökunni

Rudolf Siczzyński
Wien du Stadt meiner Träume
Vínarljóð

Léo Delibes
Vals úr ballettinum Coppelia
Pizzicato úr ballettinum Sylvia

Johann Strauss yngri
Kaiser-Walzer (Keisaravalsinn)

Hlé

Johann Strauss yngri
Rosen aus dem Süden, vals

Emmerich Kálmán
Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir
aríá úr óperettunni Fjólan frá Montmartre

Franz Lehár
Meine Lippen sie küssen so heiss
aríá úr óperettunni Giuditta

Hans Christian Lumbye
Champagner Galopp

Carl Zeller
Schenkt man sich Rosen in Tirol
dúett úr óperettunni Fuglasalinn

Johann Strauss yngri
An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)



DAVID DANZMAYR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

David Danzmayr er Austurríkismaður og er í hópi evrópskra hljómveitarstjóra í fremstu röð. Hann stundaði nám í píanóleik og hljómveitarstjórn við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg og útskrifaðist þaðan með láði. Hann hlaut síðar styrk Gustav Mahler-æskuhljómveitarinnar til náms hjá Claudio Abbado og Pierre Boulez og nam einnig hjá Leif Segerstam við Sibeliusarakademiuna í Helsinki. Danzmayr sótti sér frekari reynslu sem aðstoðarhljómveitarstjóri Neemes Järvi, Walters Weller, Andrews Davis og Pierres Boulez í Vínarborg og hjá Dennis Russell Davies í New York.

David Danzmayr vann til verðlauna í alþjóðlegu hljómveitarstjórakeppninni sem kennd er við rússneska hljómveitarstjóran Nikolai Malko og komst einnig í úrslit í Georg Solti-keppninni í Chicago.

Danzmayr lýkur nú í vor fjögurra ára samningstíma sínum sem aðalstjórnandi Illinois-filharmóníuhljómveitarinnar í Chicago og tekur síðar á árinu við sömu stöðu hjá Fílharmóníuhljómveitinni í Zagreb í Króatíu. Meðal verkefna sem bíða hans þar eru nýárstónleikar í Festspielhaus í Salzburg og tónleikaferð til Ítalíu.

Hann er einnig aðalstjórnandi ProMusica-kammersveitarinnar í Columbus – Ohio og tónlistarráðunautur Breckenridge-tónlistarhátíðarinnar í Colorado.

Danzmayr var um þriggja ára skeið aðstoðarhljómveitarstjóri Royal Scottish National Orchestra í Glasgow og stjórnaði hljómveitinni á tímabilinu oftast en 70 sinnum víða um Skotland, m.a. á hinni þekktu St. Magnus-tónlistarhátíð á Orkneyjum. Hann hefur síðan verið fastur gestastjórnandi hljómveitarinnar auk þess að stjórna mörgum öðrum þekktum hljómveitum, þar á meðal City of Birmingham Symphony Orchestra, Sinfóníuhljómveitinni í Basel, Mozarteum-hljómveitinni í Salzburg, hljómveit Skosku óperunnar og Bruckner Orchester Linz.

David Danzmayr hefur lagt mikla rækt við tónlist 21. aldarinnar og er tónlistarstjóri tónlistarhópsins Ensemble Acrobat í Salzburg og fastur gestastjórnandi hins austurríska Ensemble für neue Musik.



ÞÓRA EINARSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Þóra Einarisdóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama hjá prof. Laura Sarti. Þóra þreytti frumraun sína við Glyndebourne Festival Opera aðeins 23 ára gömul. Hún vakti snemma athygli fyrir vandaðan söng og heillandi framkomu. Þóra steig fyrst á svið Íslensku óperunnar 18 ára gömul í einsöngshlutverkum í *Rigoletto* og í *Töfraflautunni* og kom fyrst fram sem einsöngvari á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1995 á meðan hún var enn í námi.

Þóra hefur sungið óperuhlutverk, á sinfóníutónleikum, í kirkjulegum verkum og á ljóðatónleikum víða um heim. Hún var fastráðin við óperuhúsið í Wiesbaden í Þýskalandi um 7 ára skeið og hefur sungið við fjölmörg óperuhús um gjörvalla Evrópu.

Þóra kemur reglulega fram á tónleikum á Íslandi og erlendis, m.a. hefur hún sungið í Royal Albert Hall, Konzerthaus Berlin, Kennedy Center Washington og Carnegie Hall New York. Meðal hljómsveita sem hún hefur sungið með eru Orchestre de la Suisse Romande, Bach Collegium München, RSO Berlin og The Philharmonia Orchestra. Meðal fjölda hljómsveitarstjóra sem Þóra hefur unnið með eru Neville Marriner, Osmo Vänskä og Lothar Zagrosek.

Á ferli sínum hefur Þóra hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir söng og framlag sitt til tónlistar m.a. Dannebrog-orðuna og Hina íslensku fálkaorðu.

Meðal hlutverka Þóru við Íslensku óperuna hin síðustu ár eru Adina í *Ástardrykknum*, Gilda í *Rigoletto*, Pamína í *Töfraflautunni*, Mimi í *La Bohème*, Michaela í *Carmen*, Ragnheiður í samnefndri óperu eftir Gunnar Þórðarson, Zerlina í *Don Giovanni* og Tatjana í *Évgení Onegin*.



BROR MAGNUS TØDENES

EINSÖNGVARI

Norski tenórsöngvarinn Bror Magnus Tødenes hefur þrjátíu fyrir ungan aldur skapað sér nafn sem einn efnilegasti söngvari Norðurlanda um árabíl. Hann hefur nú þegar komið fram á Tónlistarhátíðinni í Salzburg sem og páskahátíð borgarinnar.

Bror Magnus stundaði fyrst píanó- og síðar rafgítarnám áður en óvenjuleg raddfegurð hans uppgötvadist. Eftir það beið hans söngnám í Trondheim og síðan í Musica Santa Cecilia-konservatóríinu í Róm þar sem Elizabeth Norberg-Schulz var aðalkennari hans.

Hann hlaut fyrstu verðlaun sem og áheyrendaverðlaunin í alþjóðlegu Renata Tebaldi-söngkeppninni árið 2015. Sama ár var honum boðin þátttaka í hinu virta ungliðaprógrammi Páskatónlistarhátíðarinnar í Salzburg og á nýliðnu ári söng hann hlutverk Rodrigos í óperunni *Othello* eftir Verdi á hátíðinni undir stjórn Christians Thielemann.

Bror Magnus Tødenes hefur komið fram sem einsöngvari með Óslóarfilharmóníunni og sínfóníuhljómsveitunum í Þrándheimi og Stavangri. Þá hefur hann sungið á Alþjóðlegu tónlistarhátíðinni í Bergen og Óperuhátíðinni í Kaupmannahöfn þar sem hann m.a. söng hlutverk stýrimannsins í konsertuppfærslu á *Hollendingnum fljúgandi* eftir Wagner þar sem Jun Märkl hélt um tónsprotann.

Bror Magnus er yngsti viðtakandi Erling Kroghs-viðurkenningar Norsku ríkisóperunnar sem ætluð er efnilegum söngvurum. Þá nýtur hann um þessar mundir námsstyrks frá Ríkisóperunni í Vínarborg.

Á fyrsta hljómdiski sínum sem kom út haustið 2014 söng Bror Magnus aríur sem Jussi Björling gerði vinsælar. Náði diskurinn metsölu og var tilnefndur til norsku Spellemann-verðlaunanna.



LÁRA STEFÁNSDÓTTIR

DANSHÖFUNDUR

Lára Stefánsdóttir lauk mastersgráðu í listfræðum og kóreógrafíu frá Middlesex University í London árið 2006.

Lára var dansari við Íslenska dansflokkinn frá 1980 til 2004. Hún dansaði mörg leiðandi hlutverk á þessum árum með dansflokknum, þar má nefna *Coppeliu* (1993) í uppsetningu Evu Evdokimou.

Lára var skólastjóri Listdanskóla Íslands 2009-2012. Hún var listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins 2012-2014 og samdi þá *Vorblótið* sem sýnt var hér á sviði Eldborgar undir flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Lára hefur verið listrænn stjórnandi dansleikhússins Pars Pro Toto (PPT) frá 1996.

Lára Stefánsdóttir hefur samið fjölda dansverka og leikstýrt og unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir verk sín sem hafa verið sýnd víða um heim.

DANSARAR

Bahn frei

Alma Kristín Ólafsdóttir, Anouk Jouanne,
Arney Sigurgeirsdóttir, Emilie Anne Jóhannsdóttir Salvesen,
Guðrún Mist Hafsteinsdóttir, Lísandra Týra Jónsdóttir

Vals úr ballettinum Coppelia

Bjartey Elín Hauksdóttir

Pizzicato úr ballettinum Sylvia

Tinna Ágústsdóttir

An der schönen blauen Donau

Bjartey Elín Hauksdóttir, Tinna Ágústsdóttir, Yannier Ovideo,
Alma Kristín Ólafsdóttir, Anouk Jouanne,
Arney Sigurgeirsdóttir, Emilie Anne Jóhannsdóttir Salvesen,
Guðrún Mist Hafsteinsdóttir og Lísandra Týra Jónsdóttir.

Umsjón með búningum

Sigrún Úlfarsdóttir

Sérstakar þakkir

Klassíski listdanskólinn undir stjórn Guðbjargar Skúladóttur,
Íslenska óperan.



VÍNARTÓNLISTIN Í ÁR

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu Vínartónleika árið 1972 en þeir hafa verið árlegur viðburður í starfsemi hljómsveitarinnar síðan 1981 og um langa hríð langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur **forleikurinn að Leðurblökunni**, óperettu Johannis Strauss (1825–1899), upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er *Die Fledermaus* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínarborg á gamlárskvöld og reyndar víða um heim. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

Eduard Strauss (1835–1916) var yngsti Strauss-bróðirinn sem lifði sumpart í skugga eldri bræðranna, Johannis og Josefs. Hann gerði sér ekki far um að keppa við þá sem tónskáld en samdi þó allmörg verk sem staðist hafa tímans tönn. Eitt þeirra er hraði polkinn *Bahn frei* op. 45.

Í næsta atriði erum við stödd á áramótagrímuballi hins rússneska Orlofsky greifa í 2. þætti *Leðurblökunnar*. Hér eru allmargir gestir á fölskum forsendum og fela sig á bakvið grímur og tilbúin nöfn. Aðalsöguhetjan, Gabriel von Eisenstein hafði verið til dæmdur til 8 daga fangelsisvistar fyrir að móðga opinberan starfsmann og þóttist ætla að byrja refsivistina þennan dag en frestaði því aðeins til að komast á ballið. Hann er nú sem Renard markgreifi kynntur fyrir Adele, þjónustustúlku sinni sem klædd er í kjól húsmóður sinnar, eiginkonu Eisenstein, og læst vera söngkona. Kjólinn hafði hún tekið ófrjálsri hendi og skrökvað upp hjartnæmri sögu til að sleppa úr vistinni og komast á ballið. Eisenstein byrjar strax að daðra við „söngkonuna“ sem svarar fyrir sig og gerir óspart grín að húsbónda sínum í ariúnni *Mein Herr Marquis*.

Rudolf Siczzyński (1879–1952) var Austurríkismaður af pólskum ættum. Hann mun hafa samið allmörg angurvær Vínarljóð en skrifaði nafn sitt í sögubækurnar með því fyrsta, *Wien, du Stadt meiner Träume* (*Vín, borg drauma mínna*) op. 1 frá árinu 1914.

Franska tónskáldið Léo Delibes (1836–1891) lærði tónsmíðar hjá Adolphe Adam í Konservatórínu í París og starfaði síðan sem organisti og kórstjóri. Hann samdi um ævina allmörg

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að Leðurblökunni í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnári hljómsveitarinnar 1950 og leikur hann nú í 57. sinn á tónleikum. 17. júní 1952 var óperettan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í jöllum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan flutti Leðurblökuna vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

kórverk og önnur söngverk, ríflega 20 óperettur og tvær óperur. Delibes varð frægur á einni nóttu eftir frumsýningu ballettsins *Coppelia* árið 1870. Hann hafði áður samið dansverk í samvinnu við annað tónskáld en ballettinn *Sylvia* var frumfluttur í París árið 1876. Í dag er Léo Delibes einkum þekktur fyrir ballettana tvo og óperuna *Lakmé*.

Johann Strauss yngri samdi *Keisaravalsinn* op. 437 árið 1888. Hann var saminn í tilefni af heimsókn Franz Josephs I Austurríkiskeisara til Wilhelms II Þýskalandskeisara 1889. Valsinn hét upphaflega *Hand in Hand (Hönd í hönd)* en Fritz Simrock útgefandi Strauss fékk hann til að breyta titlinum í *Kaiserwalzer* sem var diplómískt útspil og skírskotar til beggja þjóðhöfðingjanna. Þessi valsasýrpa er líka vissulega tignarleg og með því fegursta sem draup úr fjöður valsakóningsins.

Síðari hluti tónleikanna er innrammaður af tveimur öðrum djásnum úr smíðju Johanns Strauss; *Rosen aus dem Süden (Rósur úr suðrinu)* op. 388 og *Dónárvalsinum* op. 314. Fyrirnefndi valsinn byggir á mótifum úr óperettu tónskáldsins, *Das Spitzentuch der Königin (Blúnduvasaklútur drottningarinnar)* og var hann frumfluttur í gyllta salnum í Musikverein 7. nóvember 1880 undir stjórn Eduards Strauss og hefur hljómað þar margoft síðan, m.a. á árlegum nýárstónleikum Vínarfilharmóníunnar.

Ungverska tónskáldið Imre eða Emmerich Kálmán (1882–1953) var ásamt landa sínum Franz Lehár í fararbroddi á silfuröld Vínaróperettunnar á fyrsta fjórðungi tuttugustu aldar. Eftir hann liggja 40 óperettur. *Das Veilchen von Montmartre* (Fjólán frá Montmartre) var frumsýnd í Johann Strauss leikhúsinu í Vín árið 1930. Óperettan gerist á síðari hluta níttjándu aldar og fjallar um þrjá fátæka vini sem búa í Montmartre-hverfinu í París. Málariinn Raoul verður ástfanginn af götusöngkonunni Víolettú sem síðar reynist vera dóttir aðalskonu. Á riúnni **Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir** (Í nótt dreymdi mig þig) játar Raoul Víolettú ást sína. Margir tónleikagestir munu kannast við meginsteff þessa lags sem Óðinn Valdimarsson gerði frægt fyrir rúmlega hálfri öld sem „Ferðalok“ eða „Ég er kominn heim“.

Síðasta óperetta Franz Léhárs (1870–1948) var *Giuditta* sem var frumflutt í Alþýðuóperunni (Volksoper) í Vínarborg í ársbyrjun 1934. Tónskáldið lagði mikið í þetta verk og hugðist með því sameina óperu- og óperettuformið. Verkinu var strax í byrjun frekar fálega tekið og hefur enn ekki tekist að vinna hug

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ballettinn *Coppelia* eftir Leo Delibes hefur þrjár sinnum verið fluttur í heild sinni á Íslandi. Haustið 1963 kom Konunglegi danski ballettinn og flutti verkið þrjár sinnum á sviði Þjóðleikhússins fyrir fullu húsi. Fjögur önnur ballettverk voru í farteski dönsku gestanna og var þeim verkum ásamt *Coppeliu* dreift á sex sýningar frá 12. til 15. september þetta haust.

Á síðasta degi febrúarmánaðar 1975 frumsýndi svo Íslenski dansflokkurinn, þá með aðsetur í Þjóðleikhúsinu, ballettinn á stóra sviðinu og fór hinn vinsæli leikari Bessi Bjarnason með hlutverk *Coppeliúsar*. Ballettinn var sýndur fram í aprílbyrjun og endurupptekinn um haustið með Helga Tómasson sem gestadansara. Íslenski dansflokkurinn þá undir listrænni stjórn Maríu Gísladóttur listdansara, sýndi síðan verkið í Borgarleikhúsinu vorið 1993 og hélt sýningum áfram í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti þá um haustið.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperettan Fuglasalinn hefur aldrei verið sett upp í heild sinni á Íslandi en atriði úr verkinu hafa ratað inn á ýmsar samkomur í gegnum tíðina. Í Morgunblaðinu 15. janúar 1961 gaf að líta eftirfarandi auglýsingu: Skemmtifundur kvennadeildar Slysavarnarfélagsins í Reykjavík verður mánudaginn 16. jan. kl. 8,30 í Sjálfstæðishúsinu. — Þar skemmta frúrnar: Emelía Jónasdóttir og Áróra Halldórsdóttir. Kvennakórinn syngur undir stjórn Herberts Hriberschek. — Óperettan Fuglasalinn eftir Karlzellir. Einsöngvarar: Frú Snæbjörg Snæbjarnardóttir og Vincenzo Maria Demetz. Við hljóðfærið Skúli Halldórsson. Dans — Fjölmennið Stjórnin.

tónlistarunnenda. Nokkrar aríur úr *Giuditta* lifa þó góðu lífi og á það einkum við tenórariuna *Freunde, das Leben ist lebenswert* og sópranariuna **Meine Lippen sie küssen so heiss** sem heyrast á þessum 36. Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Danska tónskáldið Hans Christian Lumbye (1810–1874) hefur oft verið nefndur Strauss norðursins. Nítján ára gamall heyrði hann vals eftir Strauss leikinn í fyrsta sinn og samdi uppfrá því ógrynni verka í anda valsakónsins. Lumbye var um árabíl tónlistarstjóri í Tívoli Kaupmannahafnar og feiknalega vinsæll heima fyrir. *Champagner Galopp* eða *Kampavinsstökk* er eitt af hans allra þekktustu verkum.

Carl Zeller (1842–1898) samdi nokkrar óperettur og önnur verk en óperettan *Der Vogelhändler*, sem var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1891, hefur ein og sér haldið nafni hans á lofti. *Fuglasalinn* er gamansamur söngleikur sem gerist í Rínarlöndum á 18. öld. Aðalpersónurnar eru myndarlegi fuglasalinn Adam frá Tíról í Austurríki og póstafrgreiðslumærin Christel. Í laginu *Schenkt man sich Rosen in Tirol* færir Adam vinkonu sinni rósabúnt og segir að í Tíról fylgi hjartað allt slíkri gjöf.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan *An der schönen blauen Donau* eða *Dónárvalsinn sé* óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um árabíl. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingvi Snorrason

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

5., 6. & 7. JANÚAR 2017

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Jeff Moore
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Vera Panitch
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Roland Hartwell
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Kristján Matthíasson
Laufey Jensdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Ásta Kristín Pjetursdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfredsson
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

LJÓSAHÖNNUN

Agnar Hermannsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osma Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Simone Cipriano

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Carlos Caro Aguilera

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elísabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Fjólá Kristín Nikulásdóttir *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is